

Vasagangan í Svíþjóð

3. mars 2019

Bændaferðir bjóða upp á keppnisnúmer í hina frægu Vasagöngu í Svíþjóð. Keppnin er gríðarvinsæl og fyllist ár hvert á örfáum mínútum, en **15.800 keppendur eru skráðir til leiks.**

Áður en keppnisdagurinn rennur upp er mikilvægt að komast í gírinn, æfa af kappi, taka út snjóalögin og finna rétta áburðinn. Þessi skemmtilega en jafnframt krefjandi ganga, **Vasagangan, er lengsta og fjölmennasta almenningsganga**

í heimi og kemur skíðafólk hvaðanæva að úr heiminum til að spreyta sig á þessari **90 km göngu**. Gangan var haldin í fyrsta sinn árið 1922 og mun þetta vera í 95. skiptið sem hún er haldin.



Vasagangan 3. mars 2019

Gangan fer fram sunnudaginn 3. mars og er gengin 90 km leið. Gengið er milli bæjanna Sälen og Mora í Svíþjóð. Þeir sem hraðast fara yfir eru rúmlega fjóra tíma og þeir sem ganga hægst eru allt upp í tólf tíma að skila sér í mark. Þess má geta að klára þarf gönguna á innan við tólf tímum og á hverri drykkjarstöð detta þátttakendur úr keppni sem ekki eru komnir á tilsettum tíma - lenda á kaðlinum, eins og það er kallað. Þetta er mjög krefjandi ganga og ætti enginn að taka þátt sem ekki er vel undirbúinn. Sigurinn er líka mun sætari fyrir vikið. Munið að rétti áburðurinn skiptir mjög miklu máli. Heimasíða keppinnar er: www.vasaloppet.se



Saga Vasagöngunnar

Saga keppinnar nær aftur til 14. aldar, þegar Svíar voru þvingaðir í þjóðarbandalag með Dönum og Norðmönnum, sem margir Svíar voru ekki ánægðir með. Á 16. öld sauð upp úr með bardaga og gekk Gustav Vasa þar hvað harðast fram en þurfti að lúta í lægra haldi. Vasa hélt af stað á skíðum norður á bóginn frá Mora, en á eftir honum voru sendir tveir skíðamenn sem náðu honum við bæinn Sälen, þar sem þeir tilkynntu honum um blóðbað í Stokkhólmi sem Danakonungur hafði fyrirskipað. Þeir töldu hann á að snúa við því hann væri kominn með bandamenn sem myndu berjast við Dani við hlið hans. Vasa sneri við og náði ásamt bandamönnum sínum að losa Svíþjóð undan Danakonungi og varð hann síðan sjálfur konungur Svíþjóðar. Þessa sögu skrifaði og birti ristjóri Vestmanslands Läns Tidning árið 1922 og mánuði síðar var ákveðið að fyrsta Vasagangan færi fram. Ári síðar, 1923, tók fyrsta konan þátt í keppninni, en konum var síðar meinuð þátttaka, og það var ekki fyrr en 58 árum síðar, árið 1981 að konum var leyft



að taka þátt. Ebenezer Þórarinnsson tók árið 1952, fyrstur Íslendinga, þátt í Vasagöngunni og síðan þá hafa fjölmargir Íslendingar spreytt sig á þessari krefjandi göngu.

28. febrúar. – 5. mars

Eftirfarandi dagsskipulag er til viðmiðunar fyrir þátttakendur í Vasagöngunni 2019.

Fimmtudagur

Keflavík – Stokkhólmur – Mora

Flogið frá Keflavík um morguninn og lent á Arlanda flugvelli í Stokkhólmi um hádegi. Á flugvellið í Stokkhólmi er bílaleigubíllinn sóttur, en athugið að það borgar sig svo sannarlega að bóka bílaleigubíl tímanlega, því aðsóknin er mikil vegna Vasagöngunnar (sérstaklega ef sóst er eftir stórum bíl). Ekið sem leið liggur til Mora og má gera ráð fyrir að aksturinn taki rúmlega 4 klst. Flestir sem taka þátt í Vasagöngunni kaupa heimagistingu og því fyrr sem gisting er pöntuð, því betri staðsetningu er hægt að fá. Við aðstoðum að sjálfsögðu við að bóka gistingu, sé þess óskað, en heimagistingu í Mora eða Sälen er hægt að bóka á slóðinni: <http://visitdalarna.se/>. Heimagisting kostar ca. SEK 500 – 550 á mann á nótt. Uppabúin rúm og handklæði, ásamt aðgangi að eldhúsi og baði. Yfirleitt er einnig smuraðstaða fyrir skíðin í bílskúr eða í rými hjá húsráðanda.

Föstudagur

Keppnisnúmer sótt – aðstæður kannaðar

Eftir staðgóðan morgunverð er upplagt að drífa í að sækja keppnisnúmerið, en fyrir brottför hefur hver keppandi fengið sendan staðfestingarpóst frá Vasaloppet með keppnisnúmeri og nánari upplýsingum um hvenær og hvar er hægt að sækja keppnisgögn (við bókun í Vasagönguna þarf keppandi að gefa upp hvort sækja eigi keppnisgögnin í Mora eða Sälen). Þá er tilvalið að kynna sér allar aðstæður nánar, jafnvel keyra upp til Sälen til að skoða startið og hægt er að stoppa við Evertsberg, en þar er leiðin hálfnuð. Ef þú ætlar að láta smyrja skíðin fyrir þig er gott að kanna þennan dag á nokkrum stöðum hvar hagstæðast sé að láta smyrja og um að gera að kanna hvort ekki sé hægt að ná verðinu eitthvað niður, sérstaklega ef nokkrir hópa sig saman. Upplagt að snæða pasta í kvöld, en yfirleitt er erfitt að fá borð á veitingastöðum, svo það væri sterkur leikur að panta fyrirfram, sérstaklega ef margir ætla að borða saman.



Laugardagur

Hvíldardagur fyrir keppnisdag

Hvíldardagur fyrir keppni. Þennan dag er mikilvægt að taka því rólega. Margir eru að smyrja (þeir sem smyrja sjálfir geta fengið uppskrift á „Vasaloppsmässan“, en þar er hægt að kaupa allt sem til þarf). Einnig þarf að gera allt klárt fyrir keppnina, töskuna sem á að bíða í markinu, merkja skíðin, pokann sem skilinn er eftir í startinu, hafa keppnisfötin klár og svo framvegis. Svo er það auðvitað meira pasta í kvöldmatinn og mikilvægt að fara snemma að sofa.

Sunnudagur

Keppnisdagur

Nú þarf að fara snemma á fætur, reyndar um miðja nótt, til að annað hvort keyra til Sälen þar sem startið er eða taka rútuna. Allar upplýsingar um rútuna eru á heimasíðu keppninnar. Opnað er inn í starthólfín í Sälen kl. 5:30 og síðan er startið kl. 8:00. Farið verður vel yfir þetta allt saman á undirbúningsfundinum, ásamt ferlinu þegar ánægðir en þreyttir þátttakendur koma í mark í Mora. Þetta kvöld er klárlega ástæða til að fagna árangri dagsins og því er nauðsynlegt að vera búin að taka frá borð á veitingastað.



Mánudagur Hvíld – ferð til baka til Stokkhólms

Sumir vilja nú sofa aðeins út þennan dag á meðan aðrir vilja drífa sig af stað. Það þarf kannski að hreinsa skíðin, en síðan bara pakka niður og halda í rólegheitum til Stokkhólms. Skemmtilegur endir á góðri ferð að gista á góðu hóteli í miðbæ Stokkhólms.

Þriðjudagur Heimflug

Eftir morgunverð er haldið út á flugvöll, flogið heim upp úr hádegi og lent í Keflavík síðdegis.

Númer í Vasagönguna: 27.900 kr.

Innifalið:

- Númer í Vasagönguna þann 3. mars 2019.
- Aðgangur að glæsilegri sýningu (Expo) í Mora.
- Tímaflaga.



Við kaup á númeri þarf að gefa upp hvort keppandi óskar eftir að sækja númerið í Sälen (þar sem keppnin hefst) eða í Mora (við markið). Algengast er að keppendur vilji sækja númerið í Mora.

Hafi keppandi tekið þátt í Woldloppet göngu síðustu 2 ár, er mikilvægt að láta þær upplýsingar fylgja, þar sem þátttakendum er raðað í starthólf samkvæmt árangri í öðrum Woldloppet göngum.

